



Reglur Skagafjarðar um stuðningsfjölskyldur

samkvæmt lögum nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi
stuðningsþarfir.

Samkvæmt 15. gr. laga nr. 38/2018 skulu fjölskyldur fatlaðra barna eiga rétt á stuðningsfjölskyldu eftir því sem þörf krefur. Dvöl fatlaðs barns hjá stuðningsfjölskyldu skal bundin í samningi og miðast við ákveðið tímabil.

Við framkvæmd reglna þessara skal framfylgja þeim alþjóðlegu skuldbindingum sem Ísland hefur undirgengist og þá sérstaklega samning Sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks.

Reglur þessar ná einnig til íbúa Húnabyggðar, Húnaþings vestra og Skagastrandar sbr. samning um sameiginlegt þjónustusvæði á Norðurlandi vestra um þjónustu við fatlað fólk.

Í 3. mgr. 3. gr. laga nr. 38/2018 um rétt til þjónustu segir að reynist þörf fatlaðs einstaklings fyrir þjónustu eða stuðning vera meiri eða sérhæfðari en svo að henni verði fullnægt innan almennrar þjónustu skal veita viðbótarþjónustu samkvæmt lögnum. Þjónusta samkvæmt lögnum kemur til viðbótar þeirri þjónustu sem veitt er á grundvelli annarra laga en ekki í stað hennar. Að jafnaði skal einstaklingur nýta sér almenna þjónustu, allt að 15 klukkustundum á viku, sbr. 26. og 27. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga, nr. 40/1991.

1. gr.

Réttur til þjónustu og inntak hennar

Fjölskyldur fatlaðra barna með umönnunarmat í flokki 1-3 frá Tryggingastofnun ríkisins eiga kost á þjónustu stuðningsfjölskyldna eftir því sem þörf krefur. Verkefni stuðningsfjölskyldu er að taka fatlað barn í umsjá sína í skamman tíma í þeim tilgangi að létta álagi af fjölskyldu þess og auka möguleika barnsins á félagslegri þátttöku. Slíkri umsjá fylgir ekki krafa um sérstaka þjálfun eða hæfingu umfram þá daglegu þjálfun sem felst í almennum kröfum sem lúta að barnauppleði.

Þörf barns fyrir stuðningsfjölskyldu er alltaf metin í samráði við foreldra þess. Veita skal barninu þjónustu utan heimili þess. Við matið er horft til aldurs barns, eðlis og umfangs fötlunar, mats á stuðningsþörf sem og annarrar þjónustu sem veitt er og félagslegra aðstæðna. Taka ber tillit til óska foreldra við val á stuðningsfjölskyldu eins og unnt er og að öll samskipti séu eins greið og kostur er, þar á meðal að íslenskt táknmál sé notað þar sem við á og í samræmi við lög þar að lútandi.

Þjónusta stuðningsfjölskyldu miðast að öllu jöfnu við sólarhringsþjónustu en semja má um aðra tilhögun á framkvæmd þjónustunnar sem fer eftir aðstæðum hverju sinni.

Þjónustan skal alla jafna ekki vara lengur en þrjá sólarhringa, en að hámarki sex sólarhringa í mánuði. Við sérstakar aðstæður er þó heimilt að veita þjónustuna í allt að 15 sólahringa á mánuði. Slík undanþága er ekki veitt nema að undangengnu ítarlegu mati á aðstæðum barnsins.



Sé talin þörf fyrir þjónustu í meira en 15 sólarhringa á mánuði í sex mánuði samfleytt, skal unnin einstaklingsbundin þjónustuáætlun um aukna aðstoð á heimili barns. Þurfi barn annars konar þjónustu en unnt er að veita á heimili fjölskyldu þess samhliða stuðningsfjölskyldu í meira en 15 sólarhringa á mánuði í sex mánuði samfleytt, skal vísa málefni þess til sérfræðingateymis til ráðgjafar skv. 20. gr. laga nr. 38/2018. Dvöl barns í skammtímadvöl og hjá stuðningsfjölskyldu getur samanlagt verið að hámarki 15 sólarhringar í mánuði.

Ef málefni barns eru í samþættri þjónustu og tilnefndur hefur verið málstjóri skal stuðningsteymi, eftir því sem tilefni er til, gera grein fyrir markmiðum með þjónustu sem veitt er.

Ekki er heimilt að fela stuðningsfjölskyldu umsjón með fleiri en tveimur börnum í senn nema ef um systkini er að ræða.

Þjónusta veitt á grundvelli þessara reglna felur aldrei í sér að stuðningsfjölskylda fái forsjá barns.

2. gr.

Hverjir eiga kost á þjónustu

Þjónustan stendur til boða fyrir fjölskyldur fatlaðra barna sem eiga lögheimili á þjónustusvæðinu, sbr. 3. gr. laga nr. 38/2018, um þjónustu við fatlað fólk með langvarandi stuðningsþarfir. Heimilt er að framlengja samninga um stuðningsfjölskyldu við fatlaða einstaklinga sem eru 18 ára og eldri á grundvelli mats á þörf meðan leitað er að annarri viðeigandi þjónustu.

3. gr.

Meðferð umsókna

Umsóknir um stuðningsfjölskyldu eru afgreiddar af fagteymi félagsþjónustu. Ákvörðun um að veita þjónustu í formi notendasamnings skal taka á grundvelli faglegs mats á stuðningsþörf ásamt því sem skilyrði 2. gr. reglna þessara verða að vera uppfyllt.

Við mat á þjónustubörf skal gæta þess að gefa barni tækifæri á að tjá sig um veru hjá stuðningsfjölskyldu í samræmi við aldur og þroska þess.

Ákvörðun um að veita þjónustu skal taka svo fljótt sem kostur er. Sé ekki unnt að hefja þjónustu strax og umsókn er samþykkt skal tilkynna umsækjanda um ástæður þess og hvenær þjónustan verði veitt. Ef fyrir séð er að þjónusta sem sótt var um geti ekki hafist innan þriggja mánaða frá samþykkt umsóknar skal leiðbeina umsækjanda um þau úrræði sem hann hefur á biðtíma og aðra þjónustu sem er í boði. Þá skal veita honum aðra viðeigandi þjónustu á meðan beðið er eftir að þjónustan sem samþykkt hefur verið hefjist.

4. gr.

Val á stuðningsfjölskyldu

Skagafjörður ber ábyrgð á skipulagi og framkvæmd þessarar þjónustu á grundvelli 1. mgr. 5. gr. laga nr. 38/2018. Í ábyrgðinni felst ákvörðun um að val á stuðningsfjölskyldu sé í samræmi við skýrar faglegar kröfur og að stuðningsfjölskylda uppfylli hverju sinni þau skilyrði sem ákvörðun byggist á. Einkaaðilar sem óska eftir að taka að sér hlutverk stuðningsfjölskyldu skulu



hafa leyfi Gæða- og eftirlitsstofnunar velferðarmála, sbr. lög um Gæða- og eftirlitsstofnun velferðarmála, nr. 88/2021.

Ekki er skilyrði að stuðningsfjölskylda/einstaklingur sé í sambúð eða hjónabandi. Ef um hjón og sambýlisfólk er að ræða þá skulu þau sækja um saman.

Skagafjörður mun leitast við að veita stuðningsfjölskyldum fræðslu sem getur komið að gagni í starfi þeirra. Stuðningsfjölskyldur geta alltaf óskað eftir fræðslu og ráðgjöf vegna starfa sinna.

Óski foreldrar þess að nákomnir ættingjar verði stuðningsfjölskylda skal meta það sérstaklega að hlutverk þeirra sem stuðningsfjölskylda rýri ekki hlutverk þeirra sem nákomnir ættingjar og heimsóknir og/eða dvalir vegna þess.

5. gr.

Gagnaöflun

Þegar Gæða- og eftirlitsstofnun óskar umsagnar Skagafjarðar vegna leyfisveitinga fyrir stuðningsfjölskyldu skal viðkomandi heimili og fjölskylda könnuð samkvæmt gátlista á heimasíðu GEV og eftir atvikum önnur atriði sem óskað er eftir í beiðni. Áður en niðurstöður könnunar eru sendar til Gæða- og eftirlitsstofnunar skulu umsækjendur hafa tækifæri til að gera athugasemdir við þær.

6. gr.

Form samnings og samningsfjárhæðir

Um dvöl barns hjá stuðningsfjölskyldu skal alltaf gerður sérstakur samningur óháð því hvort val fjölskyldu fer fram á grundvelli umsóknar eða ákvörðunar hverju sinni. Samningur er einnig gerður ef stuðningsfjölskylda er vegna fatlaðs einstaklings 18 ára og eldri eða ef úrræðið er notað sem stuðningsfjölskylda við fatlaða foreldra.

Samningsfjárhæð tekur almennt til stuðningsparfa barnsins sem dvelst hjá fjölskyldunni. Miðað er við að þjónusta hefjist þegar barn er komið á heimili stuðningsfjölskyldu. Ferðir barns við upphaf og lok dvalar teljast ekki til þjónustu stuðningsfjölskyldu nema sérstaklega sé um það samið. Forráðamenn barnsins bera ábyrgð á ferðum þess til og frá stuðningsfjölskyldu nema um annað sé samið sérstaklega.

Samningsfjárhæðin skal taka mið af þeim fjölda sólarhringa sem barnið dvelst hjá fjölskyldunni sem og umönnunarþörf. Stuðst er við umönnunarmat frá Tryggingastofnun ríkisins og þá flokkun sem fram kemur í reglugerð þar að lútandi.

Þegar um verksamning er að ræða getur stuðningsfjölskylda dregið frá skattskyldum greiðslum tiltekinn kostnað samkvæmt reglum ríkisskattstjóra.

Úttekt á framkvæmd þjónustunnar skal eiga sér stað á samningstímabili og eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti. Samningur er almennt til eins árs í senn, miðað við almanaksár. Í honum skulu vera gagnkvæm uppsagnarákvæði. Samningur fellur sjálfkrafa úr gildi ef gilt leyfi er ekki til staðar hjá stuðningsfjölskyldu eða forsendur leyfis breyta.

Í samningi eða skilmálum leyfis skal koma fram að stuðningsfjölskyldu sé óheimilt að taka við greiðslum eða gjöfum frá þeim sem njóta þjónustunnar.



7. gr.

Tryggingar

Mikilvægt er að lögheimili barns sé með heimilistryggingu sem inniheldur frítímaslysstryggingu og að barnið sé þar meðvátryggt. Gott er að sú trygging taki m.a. á tannbrotum, þjófnaði á eigum, sjúkrahúslegu og frítímaslysum. Barn getur verið líftryggt gegnum tryggingu foreldra eða með barnatryggingu.

Stuðningsfjölskylda skal vera með heimilis-/innbústryggingu sem og brunatryggingu og viðurkenndan eldvarnarbúnað, s.s. slökkvitæki, reykskynjara og eldavarnarteppi.

8. gr.

Upplýsingamiðlun og eftirlit

Gagnkvæm upplýsingamiðlun skal vera milli aðila til að tryggja að framkvæmd sé í senn skilvirk og í þágu þeirra markmiða sem úrræðinu er ætlað að þjóna. Við gerð samnings skal stuðningsfjölskylda fá viðeigandi upplýsingar um allt það sem er mikilvægt fyrir velferð barnsins, þar á meðal heilsufar þess, hvort barn sé með ofnæmi eða óþol, mögulega lyfjainntöku og aðrar sérþarfir. Stuðningsfjölskylda ber ábyrgð á því að upplýsa félagsþjónustu og/eða barnavernd og forráðamenn þess um allt það sem upp kemur meðan á dvöl stendur og gæti haft áhrif á líðan barnsins. Stuðningsfjölskylda gefur munnlegar upplýsingar eftir hverja dvöl til foreldra. Óski foreldri barns eftir skriflegri staðfestingu á einhverjum atriðum skal orðið við því.

Ef þörf krefur skal skilgreina upplýsingagjöf í þríhliða samkomulagi Skagafjarðar, stuðningsfjölskyldu og forráðamanna barnsins. Stuðningsfjölskylda undirritar þagnarheit varðandi upplýsingar um barnið og fjölskylduhagi þess og forráðamenn barns undirrita þagnarheit varðandi hagi stuðningsfjölskyldu. Þagnarskyldan helst eftir að dvöl lýkur og þegar samningur rennur sitt skeið á enda.

Úttekt á framkvæmd þjónustunnar skal eiga sér stað á samningstímabili og eigi sjaldnar en á tólf mánaða fresti. Veiti stuðningsfjölskylda jafnframt aðstoð á grundvelli barnaverndarlaga nr. 80/2002 þannig að einkaheimili hennar falli undir 91. gr. þeirra laga, koma bæði félagsþjónusta og barnaverndaryfirvöld að eftirliti.

9. gr.

Gildistaka

Reglur þessar öðlast gildi við samþykkt sveitarstjórar Skagafjarðar.

Samþykkt í sveitarstjórn Húnabyggðar 28.janúar 2025

Samþykkt í sveitarstjórn Húnaþings vestra 17.október 2024

Samþykkt í sveitarstjórn Skagastrandar 23.október 2024

Samþykkt í sveitarstjórn Skagafjarðar 31.mars 2025

